

SPENNISTÖÐ AÐ BRENNIMEL

ENDURNÝJUN STARFSLEYFIS

VERKNÚMER:	01029-004	DAGS.:	2026-03-18
VERKHLUTI:	19	NR.:	505175
HÖFUNDUR:	Sunna Liv Stefánsdóttir	ÚTGÁFA	1
RÝNIR:	Pórhildur Guðmundsdóttir		
DREIFING:	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands		

Efni: Endurnýjun starfsleyfis – upplýsingar vegna umsóknar

Starfsleyfi til að starfrækja: Spennistöð

Nafn rekstraraðila: Landsnet hf.

Kennitala: 580804-2410

Heimilisfang: Brennimelur

Póstnúmer: 301 Akranes

Forsvarsmaður: Nils Guðstavsson

Heimilisfang rekstraraðila : Gylfaflöt 9

Póstnúmer: 112 Reykjavík

Sími: 563-9300

Netfang : landsnet@landnet.is

Fax: 563-9309

Útfyllt starfsleyfisumsókn af vefsíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fylgir með umsókn um endurnýjun starfsleyfisins: Umsókn_um_starfsleyfi_Brennimelur

Viðhengi:

- Deiliskipulagið: „Deiliskipulag – Brennimelur“
- Teikningar:
 - o „01029-E01.5.001-3“
 - o „01029-C53.5.001-1“
- Efnalisti: „Efnalisti_2026“
- Viðbragðsáætlun vegna olíuleka: „Viðbragðsáætlun vegna olíuleka frá spennum“
- Sorpáætlun: „Sorpáætlun_2“



Vegna endurnýjunar starfsleyfis skal samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands skila inn upplýsingum m.v. 6. gr. reglugerðar nr. [550/2018 – Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.](#)

6. gr.

Útgáfa starfsleyfis.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. I., VII. og IX. viðauka, sbr. þó 7. gr. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. X. viðauka, sbr. þó 7. gr.

Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi. Umsóknum skal, eftir því sem við á hverju sinni, fylgja lýsing á eftirfarandi:

a. stöðinni og starfsemi hennar,

Svar:

Endurnýjun starfsleyfisins á við um spennistöð Landsnets hf. að Brennimel í Hvalfjarðarsveit. Leyfi var upphaflega gefið út 16. apríl 2003, og síðast var starfsleyfi gefið út 8. september 2014. Spennistöðin hefur tekið breytingum síðan þá þar sem nýr 160 MVA spennir var tekinn í notkun í nóvember 2025. Spennirinn er með 55.800 L (49 tonn) af olú og kemur í stað 67 MVA spennis frá árinu 1978 með 33,45 tonn af olú.

Í virkinu er olúfylltir aflspennar með olú til einangrunar og kælingar. Spennarnir eru staðsettir á olúgryfjum.

Aðrir spennar eru óbreyttir m.v. starfsleyfið frá 2014. Utanhúss er einn 67 MVA spennir frá 1979 ásamt 20 MVA spennir frá 2012 í eigu Rarik. Í eigu Rarik eru einnig tveir 10 MVA spennar innanhús frá 2006. Í eigu Landsnets er einn 20 MVA spennir frá 1975.

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum eru höfð til hliðsjónar og þeim fylgt varðandi varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi.

Landsnet hf. skuldbindur sig til að virða skipulag og nýtingu lóðar sem hefur verið samþykkt af skipulags- og byggingaryfirvöldum. Gildandi deiliskipulag er í viðhengi.

b. hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni,

Svar:

Bestu fánlegu tækni er beitt eins og á við og fyllsta tillit tekið til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta varðandi hráefni og afurðir.

Efnalisti er viðhengdur umsókn, en listinn á við um öll þau efni sem notuð eru í starfseminni.

c. upptökum losunar í stöðinni,

Svar:

Engin losun fylgir starfseminni og á því ekki við.

d. staðháttum við stöðina,

Svar:

Sjá viðhengi/teikningar.



Samkvæmt kortasjá Orkustofnunar er Brennimegur innan grunnvatnshlotts með breytilega lekt, sjá frekari lýsingu í töflu að neðan¹. Svæðið er ekki innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis samkvæmt kortasjá Orkustofnunar.

Tafla 1 Upplýsingar um grunnvatnshlot, fengið af kortasjá Orkustofnunar.

Svæðisheiti	Melabakkar-Leirá
Flokkur	Breytileg lekt
Númer svæðis	IS193-G
Flatarmál svæðis (km²)	113,923
Aðalheimild og útgáfuár aðalheimildar	OS 1074 - Alþjóðlegt vatnafarskort af Evrópu. 1980.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar er Hvalfjörður tilnefndur undir tillögum að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela. Að auki er Hvalfjarðarströnd frá Miðsandi út að Katanesi tilgreind undir öðrum náttúrminjum (nr. 235) á vef Umhverfisstofnunar og lýst sem²: „Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.“

e. eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15 gr.,

Svar:

Starfsemin kallar ekki á gerð grunnástandsskýrslu. Samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar varðandi gerð grunnástandsskýrslu er skýrslunni skilað inn til að hafa sem viðmið þegar starfsemi lýkur, til að meta ástand lóðarinnar og hvort að reksturinn hafi mengað og hversu mikið. Þar af leiðandi verður ábyrgð skýrari³. Ekki er talin þörf á grunnástandsskýrslu þar sem að starfsemin á svæðinu hefur verið sú sama um árabil.

Staðsetningu spennistöðvarinnar að Brennimegu í Hvalfjarðarsveit má sjá á mynd 1. Elsta aðgengilega loftmyndin af svæðinu er frá 1974, þá virðist einhver uppbygging hafin innan svæðisins. Fyrir það má áætla að svæðið hafi verið tún og mögulega ræktarland.

¹ <https://www.map.is/os>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>

³ <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%C3%B0beiningar%20til%20ums%C3%A6kjanda%20var%C3%B0andi%20ger%C3%B0%20grunn%C3%A1standssk%C3%BDrsla.pdf>



Mynd 1 Staðsetning Brennimels í Hvalfjarðarsveit, merkt með gulu (skjáskot af kortasjá Landsnets á vef Loftmynda ehf., map.is).

Ef kæmi til mengunar í jarðveg/grunnvatn vegna starfseminnar væri mesta hættan á olíumengun, en samkvæmt frétt frá 2012 kom upp eldur í spennistöðinni sem gæti hafa haft í för með sér mengun á borð við ösku- og brunaleifar⁴. Mengun innan svæðisins hefur ekki verið staðfest og er ólíkleg nema í kjölfar slysa. Mengun innan svæðisins af völdum fyrri starfsemi þykir ekki líkleg.

f. eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið,

Svar:

Engin losun á að fylgja starfseminni og á því ekki við. Eingöngu gæti komið til losunar ef einhvers konar óhöpp yrðu en allur búnaður á að uppfylla kröfur til að lágmarka hættu á slíkum atburðum.

g. áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni,

Svar:

Dregið er úr myndun úrgangs og notkun spilliefna eins og kostur er en annars verður úrgangur fluttur til eyðingar eða úrvinnslu. Að auki verður húsnæði haldið snyrtilegu og í samræmi við gildandi kröfur. Bestu fánlegu tækni er beitt eins og á við.

⁴ <https://www.visir.is/g/2012596108d/eldur-kom-upp-i-spennistod-landsnets-i-hvalfirdi>



Núverandi olíugryfja á að geta tekið við umframmagni olíu sem fylgir nýjum aflspenni. Að auki voru smíðaðar olíurennur og bætt við til að koma til móts við stærð nýja spennisins.

h. fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni,

Svar:

Stöðin er mannlaus og enginn daglegur rekstur. Sorp sem fellur til við tilfallandi vinnu er fjarlægð í lok verks og flokkað og fargað m.v. sorpáætlun (sjá viðhengi).

i. frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.,

Svar:

Á líklegast ekki við (á eingöngu við ef kveðið er á um strangari skilyrði um umhverfisgæði í reglugerð en hægt er að uppfylla með bestu aðgengilegu tækni).

j. ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið,

Svar:

Vöktunarbúnaður er til staðar á olíuhæð spennisins. Að auki eru viðvaranir tengdar stjórnstöð Landsnets sem mönnum er öllum stundum og viðgerðarmenn á bakvakt.

Engin önnur losun fylgir starfsemi og á því ekki við.

k. helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits,

Svar:

Annað á ekki við.

Einnig skal fylgja afrit af gildandi deiliskipulagi eða gildandi aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar.

Svar:

Sjá viðhengi.